

Flóahreppur  
Rebekka Rut Ingvarsdóttir  
Þingborg, 803 Selfossi (dreifbýli)

Garðabær, 7. maí 2025  
202503-0270/A.B.  
08.02

## Efni: Umsögn - Tillaga - Deiliskipulag - Laugardælur - hverfi; Nýr aðkomuvegur Flóahreppur.

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Flóahrepps er barst 27. mars sl. þar sem óskað er umsagnar Náttúruverndarstofnunar um deiliskipulag fyrir Laugardælur í Flóahreppi.

Í erindinu kemur fram að deiliskipulagið gerir ráð fyrir nýjum aðkomuvegi að Laugardælum en núverandi vegur mun leggjast af á stórum hluta með tilkomu nýrrar brúar yfir Ölfusá. Nýi vegurinn mun tengjast mislægum gatnamótum þar sem núverandi Hringvegur, Austurvegur og nýi Hringvegurinn munu mætast. Núverandi aðkomuvegur mun að hluta til leggjast af og breytast í göngu- og hjólastíg sem mun fara í undirgöng undir nýjan veg.

Náttúruverndarstofnun hefur farið yfir ofangreinda tillögu og gerir ekki athugasemdir við hana.

Virðingarfyllt,

Axel Benediktsson  
*sérfræðingur*

Fróði Guðmundur Jónsson  
*sérfræðingur*